

**Til efnahags- og viðskiptanefndar
Frá fjármálaráðuneyti****Efni: Áhrif hækkunar fasteignamats**

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar 2. nóvember sl. var spurt um áætluð áhrif nýrrar hækkunar fasteignamats á einstaka tekjustofna eða bótagreiðslur. Hér með fylgir lauslegt mat á þessum áhrifum á vaxtabætur, erfðafjárskatt og stimpilgjald. Áréttu þarf að hér eru áætluð áhrif meðalhækkunar fasteignamats upp á ca. 14% skoðuð í einangrun án mögulegra áhrifa á verðlag, greiðslu fasteignaskatta, skuldastöðu o.fl.

	Áætluð áhrif m.kr.
1. Vaxtabætur einstaklinga	-170
2. Erfðafjárskattur	50
3. Stimpilgjald	80

Atvinnurekstur • Staðgreiðsla • Reiknað endurgjald

Reiknað endurgjald 2000

Viðmiðunarreglur í staðgreiðslu

Almennar upplýsingar

Inngangur

Viðmiðunarreglur, sem fara hér á eftir, eru settar samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda. Eru þær til leiðbeiningar við ákvörðun á endurgjaldi sem maður sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal reikna sér sem laun, eins og fram kemur í 2. tl. 4. gr. og 2. tl. 5. gr. staðgreiðslulaganna. Sömu viðmiðunarreglur gilda um vinnu manns og maka hans við atvinnurekstur eða starfsemi sem er rekin í sameign með öðrum eða fer fram á vegum lögaðila sem maðurinn telst tengdur vegna eignar- eða stjórnaraðildar að lögaðilanum.

Fjárhæð viðmiðunarlauna ríkisskattstjóra miðast við laun fyrir venjulegan vinnutíma við sambærileg störf. Hefur ríkisskattstjóri við ákvörðunina haft hliðsjón af gildandi kjarasamningum og raunverulegum tekjum í viðkomandi starfsgrein.

Reiknað endurgjald í staðgreiðslu

Fyrir upphaf hvers staðgreiðsluárs ákveður ríkisskattstjóri lágmark reiknaðs endurgjalds í staðgreiðslu. Þessu lágmarki breytir hann á staðgreiðsluári ef þróun launa og tekna í viðkomandi starfsgrein gefur tilefni til þess. Skattstjóri fer yfir skilagreinar manna vegna reiknaðs endurgjalds. Telji skattstjóri að reiknað endurgjald manns sé lægra en laun sem ætla má að hann hefði borið úr bítum ef hann hefði unnið sambærilegt starf sem launamaður hjá óskyldum aðila skal skattstjóri ákvarða manninum endurgjald fyrir starfið með hliðsjón af viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra. Endurgjaldi sem skattstjóri hefur ákveðið þannig getur hann breytt ef sýnt er fram á það með skriflegum skýringum og nauðsynlegum gögnum að tilefni sé til þess.

Um skil á greinargerð um reiknað endurgjald o.fl.

Reiknuðu endurgjaldi framteljenda, samkvæmt síðustu greinargerð þeirra til skattstjóra, hefur verið breytt til samræmis við viðmiðunarlaunin.

Þeir framteljendur sem ekki gera athugasemdir við þessa hækkun á milli ára þurfa ekki að tilkynna það skattstjóra. Framteljandi sem telur að breytingar verði á högum hans á árinu 2000 sem hafi áhrif á forsendur þess hvernig reiknað endurgjald hans er ákvarðað þarf hins vegar að senda skattstjóra nýja "Greinargerð um reiknað endurgjald", RSK 5.11. Ef reiknað endurgjald af starfsemi er það lágt samkvæmt áætlun framteljanda að staðgreiðsla hans sjálfs eða vegna hans og maka hans verður engin á árinu 2000 er honum heimilt að sækja til skattstjóra um að skila "Skilagrein vegna reiknaðs endurgjalds" RSK 5.12, einu sinni á ári (sbr. F-lið á eyðublaðinu á Greinargerð um reiknað endurgjald" RSK 5.11). Samþykki skattstjóri beiðnina verður framteljandinn að leggja inn til hans skattkort sitt og maka síns sem tryggingu fyrir rétttri nýtingu persónuafsláttar. Þeir framteljendur sem höfðu á árinu 1999 samþykki skattstjóra fyrir að gera skil á staðgreiðslu einu sinni á ári, þurfa að athuga sérstaklega hvort skilyrðum fyrir ársskilum 2000 sé fullnægt. Þetta þarf að athuga í ljósi breytinga á skatthlutfalli í staðgreiðslu og persónuafsiætti.

Þegar umfang starfsemi er ekki meira en svo að reiknað endurgjald vegna starfseminnar er innan við 179.427 kr. á árinu 2000 fellur það utan staðgreiðslu. Aðili, sem er með reiknað endurgjald innan við 179.427 kr. á ári, þarf ekki að senda skattstjóra "Greinargerð um reiknað endurgjald", RSK 5.11. Hins vegar skal gera grein fyrir reiknuðu endurgjaldi á skattframtali 2001.

Athugasemdir vegna breytinga á reiknuðu endurgjaldi ársins 2000 þurfa að hafa borist skattstjóra eigi síðar en 21. janúar 2000.

Viðmiðunarlaun 2000

Viðmiðunarlaun fyrir reiknað endurgjald 2000

Reiknað endurgjald fyrir árið 2000, skal ákveða í samræmi við eftirfarandi viðmiðunarlaun sem eru lágmark fyrir reiknað endurgjald vegna starfa á árinu 2000.

Flokkur A. Sjálfstætt starfandi sérfræðingar

Sérmenntaðir menn sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sérgrein sinni.

A(1) Lyfjafræðingar, læknar, tannlæknar, lögfræðingar, löggiltir endurskoðendur, ráðgjafar, verkfræðingar og

aðrir sérfræðingar, sem hafa aðra sérfræðinga eða starfsmenn í þjónustu sinni.

Mánaðarlaun 400.000 kr.

Árslaun 4.800.000 kr.

A(2) Lyfjafræðingar, lækningar, tannlækningar, lögfræðingar, löggiltir endurskoðendur, ráðgjafar, verkfræðingar og aðrir sérfræðingar, sem hafa starfsmenn í þjónustu sinni, sem ekki eru sérfræðingar.

Mánaðarlaun 375.000 kr.

Árslaun 4.500.000 kr.

A(3) Sérmenntaðir menn sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sérgrein sinni, t.d.

lyfjafræðingar, lækningar, tannlækningar, lögfræðingar, löggiltir endurskoðendur, ráðgjafar, verkfræðingar o.fl., sem hafa ekki starfsmenn í þjónustu sinni.

Mánaðarlaun 300.000 kr.

Árslaun 3.600.000 kr.

Flokkar B og C. Stjórnendur fyrirtækja o.fl.

Stjórnendur og aðrir sem starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í iðnaðar- og iðjurekstri, hvers konar verslun, útgerð, verktakastarfsemi og persónulegri þjónustu.

B(1) Stjórnendur í fyrirtækjum sem greiða alls laun sem samsvara árslaunum 10 starfsmanna eða fleiri eða eru með sambærileg umsvif í rekstri.

Mánaðarlaun 375.000 kr.

Árslaun 4.500.000 kr.

B(2) Stjórnendur í fyrirtækjum sem greiða alls laun sem samsvara árslaunum 4 til 10 starfsmanna eða eru með sambærileg umsvif í rekstri.

Mánaðarlaun 300.000 kr.

Árslaun 3.600.000 kr.

C(1) Stjórnendur og aðrir sem starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi sem greiðir alls laun sem samsvara árslaunum 2 til 4 starfsmanna eða eru með sambærileg umsvif í rekstri.

Mánaðarlaun 225.000 kr.

Árslaun 2.700.000 kr.

C(2) Stjórnendur og aðrir sem starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi sem greiða alls laun sem samsvara minna en árslaunum 2 starfsmanna.

Mánaðarlaun 175.000 kr.

Árslaun 2.100.000 kr.

Flokkur D. Iðnaðarmenn.

Iðnaðarmenn í löggiltum iðngreinum, sem vinna við iðn sína og eftir atvikum stjórna mönnum í slíkri vinnu. Ef stjórnun er aðalþáttur í starfinu skal miða reiknað endurgjald við flokka B(1), B(2) eða C(1) hér að framan.

D(1) Iðnaðarmenn, sem hafa iðnlærða menn eða tvo eða fleiri ófaglærða aðstoðarmenn í þjónustu sinni.

Mánaðarlaun 175.000 kr.

Árslaun 2.100.000 kr.

D(2 og 3) Iðnaðarmenn, sem starfa einir eða með einum ófaglærðum aðstoðarmanni í iðngrein sinni.

Mánaðarlaun 150.000 kr.

Árslaun 1.800.000 kr.

Flokkur E. Ýmsir sjálfstætt starfandi menn.

Menn sem vinna einir við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sem ekki fellur undir flokka A til D. Bifreiðastjórar, hreingerningarmenn, stjórnendur vinnuvéla o.fl.

Mánaðarlaun 125.000 kr.

Árslaun 1.500.000 kr.

Flokkur F. Sjómenn.

Sjómenn, sem starfa sem skipverjar við eigin útgerð.

F(1) Skipstjórar, 1. stýrimaður og 1. vélstjóri.

Mánaðarlaun 225.000 kr.

Árslaun 2.700.000 kr.

F(2) 2. og 3. vélstjóri, matsveinn og bátsmaður.

Mánaðarlaun 200.000 kr.

Árslaun 2.400.000 kr.

F(3) Hásetar og sjómenn á bátum undir 12 tonnum.
Mánaðarlaun 150.000 kr.
Árslaun 1.800.000 kr.

Flokkur G. Bændur og makar þeirra.

Bóndi sem stendur fyrir búrekstri með eða án aðkeypts vinnuafis. Nái bústofn á býli ekki 420 ærgildum má lækka reiknað endurgjald í hlutfalli við bústærðina. Sé starfið einungis að hluta til við búrekstur skal ákveða viðmiðunarlaunin hlutfallslega.

G(1) Bóndi, sem stendur einn fyrir búrekstri.
G(2) Maki bónda sem vinnur með honum að búrekstrinum
G(3) Maki bónda, sem stendur ásamt honum fyrir búrekstri.
G(4) Bóndi sem stendur fyrir búrekstri með öðrum en maka.
Mánaðarlaun 65.000 kr.
Árslaun 780.000 kr.

Flokkur H. Makar.

Starfi maki manns með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi með honum að atvinnurekstrinum skal reikna honum endurgjald þannig að reiknað endurgjald hans sé ekki lægra en hér segir:

H(1) Sérfræðingar, sbr. flokk A, sem vinna í sérgrein sinni við atvinnurekstur maka.
Mánaðarlaun 250.000 kr.
Árslaun 3.000.000 kr.

H(2) Iðnaðarmenn, sbr. flokk D, sem vinna í iðngrein sinni við atvinnurekstur maka.
Mánaðarlaun 125.000 kr.
Árslaun 1.800.000 kr.H

(3) Ófaglærðir starfsmenn sem vinna við atvinnurekstur maka.
Mánaðarlaun 85.000 kr.
Árslaun 1.020.000 kr.

Útgefið af ríkisskattstjóra í janúar 2000

Efst á síðu

Síðast breytt 07. mars 2001

► [Atvinnurekstur](#) ► [Staðgreiðsla](#) ► [Reiknað endurgjald](#)

Reiknað endurgjald 2001

[Reiknað endurgjald 2000](#)

Viðmiðunarlaun vegna staðgreiðslu árið 2001

Almennar upplýsingar

Samkvæmt 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt skal maður, sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi reikna sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starfið en hann hefði sem laun fyrir það hjá óskyldum eða ótengdum aðila. Sama gildir um vinnu manns við atvinnurekstur eða starfsemi sem er á vegum sameignarfélags, hlutafélags eða annars félags sem viðkomandi á aðild að. Á sama hátt skal ákveða endurgjald fyrir starf sem maki manns eða barn hans innir af hendi fyrir framangreinda aðila.

Samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda ákveður ríkisskattstjóri lágmark endurgjalds, sem reikna skal skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laga nr. 75/1981, með setningu viðmiðunarreglna. Þessu lágmarki skal hann breyta á staðgreiðsluári ef þróun launa og tekna í viðkomandi starfsgrein gefur tilefni til þess.

Viðmiðunarreglur þessar gilda um lágmarkslaun vegna staðgreiðslu hjá þeim, sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða starfsemi sem er rekin í sameign með öðrum manni. Viðmiðunarreglurnar gilda einnig um lágmarkslaun vegna staðgreiðslu manns sem starfar hjá lögaðila, sameignarfélagi, hlutafélagi eða öðru félagi, sem hann er tengdur vegna eignar- eða stjórnaraðildar. Teljast slík tengsl vera fyrir hendi ef viðkomandi starfsmaður, fjölskyldumeðlimir hans eða aðrir honum nátengdir eiga verulegan hlut í félaginu og/eða eru í stjórn þess.

Greinargerð um reiknað endurgjald o.fl.

Reiknuðu endurgjaldi þeirra, sem starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, hefur verið breytt frá því sem var á síðustu greinargerð þeirra til samræmis við viðmiðunarlaunin. Þeir framteljendur sem ekki gera athugasemdir við þessar breytingar á milli ára þurfa ekki að tilkynna það sérstaklega til skattstjóra. Framteljandi sem telur að breytingar verði á högum hans á árinu 2001 sem hafi áhrif á forsendur þess hvernig reiknað endurgjald hans er ákvarðað þarf hins vegar að senda skattstjóra nýja "Greinargerð um reiknað endurgjald", RSK 5.11.

Félagi og öðrum launagreiðenda, sem greiðir manni sem fellur undir reglur þessar laun, ber að haga staðgreiðslu af launum hans í samræmi við þær.

Ef reiknað endurgjald af starfsemi er það lágt samkvæmt áætlun framteljanda að staðgreiðsla hans sjálfs eða vegna hans og maka hans verður engin á árinu 2001 er honum heimilt að sækja um til skattstjóra að skila "Skilagrein vegna reiknaðs endurgjalds" einu sinni á ári (sbr. F-lið á eyðublaðinu "Greinargerð um reiknað endurgjald"). Samþykki skattstjóri beiðnina verður framteljandinn að leggja inn til hans skattkort sitt og maka síns sem tryggingu fyrir rétttri nýtingu persónuafsláttar. Þeir framteljendur sem höfðu á árinu 2000 samþykki skattstjóra fyrir að gera skil á staðgreiðslu einu sinni á ári, þurfa að athuga sérstaklega hvort skilyrðum fyrir ársskilum 2001 sé fullnægt. Þetta þarf að athuga í ljósi breytinga á skatthlutfalli í staðgreiðslu og persónuafslætti.

Pegar umfang starfsemi er ekki meira en svo að reiknað endurgjald vegna starfseminnar er innan við 179.427 kr. á árinu 2001 fellur það utan staðgreiðslu. Aðili, sem er með reiknað endurgjald innan við framangreinda fjárhæð á ári, þarf ekki að senda skattstjóra "Greinargerð um reiknað endurgjald", RSK 5.11. Hins vegar skal gera grein fyrir reiknuðu endurgjaldi á skattframtali 2002.

Skattstjóri fer yfir skilagreinar manna og félaga vegna reiknaðs endurgjalds. Telji skattstjóri að reiknað endurgjald manns sé lægra en laun sem ætla má að hann hefði borið úr bítum ef hann hefði unnið sambærilegt starf sem launamaður hjá óskyldum aðila skal skattstjóri ákvarða honum endurgjald fyrir starfið með hliðsjón af viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra. Endurgjald, sem skattstjóri hefur ákveðið þannig, sætir endurskoðun ef sýnt er fram á það með skriflegum skýringum og nauðsynlegum gögnum að tilefni sé til þess.

Athugasemdir vegna breytinga á reiknuðu endurgjaldi ársins 2001 þurfa að hafa borist skattstjóra eigi síðar en 21. janúar 2001.

Reiknað endurgjald 2000

Viðmiðunarlaun 2001

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið viðmiðunarlaun fyrir staðgreiðslu vegna starfa á árinu 2001 sem hér segir:

Flokkur A. Sérfræðingar

Sérmenntaðir menn sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sérgrein sinni eða starfa hjá hliðstæðu félagi sem þeir hafa verulega eignar- eða stjórnaraðild að.

A(1) Lyfjafræðingar, lækningar, tannlækningar, lögfræðingar, löggiltir endurskoðendur, ráðgjafar, verkfræðingar og aðrir sérfræðingar, sem hafa sérfræðinga í þjónustu sinni eða stjórna hliðstæðu félagi.

Mánaðarlaun 430.000 kr.

Árslaun 5.160.000 kr.

A(2) Lyfjafræðingar, lækningar, tannlækningar, lögfræðingar, löggiltir endurskoðendur, ráðgjafar, verkfræðingar og aðrir sérfræðingar, sem hafa einungis ósérfróða starfsmenn í þjónustu sinni, sem ekki eru sérfræðingar eða stjórna hliðstæðu félagi.

Mánaðarlaun 410.000 kr.

Árslaun 4.920.000 kr.

A(3) Sérmenntaðir menn sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sérgrein sinni, t.d. lyfjafræðingar, lækningar, tannlækningar, lögfræðingar, löggiltir endurskoðendur, ráðgjafar, verkfræðingar o.fl., sem hafa ekki starfsmenn í þjónustu sinni eða starfa einir hjá hliðstæðu félagi.

Mánaðarlaun 330.000 kr.

Árslaun 3.960.000 kr.

Flokkar B og C. Ýmis starfsemi, stjórnendur o.fl.

Stjórnendur og aðrir sem starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í iðnaðar- og iðjurekstri, hvers konar verslun, útgerð, verktakastarfsemi og persónulegri þjónustu eða starfa hjá hliðstæðu félagi sem þeir hafa verulega eignar- eða stjórnaraðild að.

B(1) Stjórnendur einkafyrirtækja og félaga sem greiða laun sem samsvara árslaunum 10 starfsmanna eða fleiri eða eru með sambærileg umsvif í rekstri.

Mánaðarlaun 410.000 kr.

Árslaun 4.920.000 kr.

B(2) Stjórnendur einkafyrirtækja og félaga sem greiða laun sem samsvara árslaunum 4 til 10 starfsmanna eða eru með sambærileg umsvif í rekstri.

Mánaðarlaun 340.000 kr.

Árslaun 4.080.000 kr.

C(1) Stjórnendur einkafyrirtækja og félaga sem greiðir laun sem samsvara árslaunum 2 til 4 starfsmanna eða eru með sambærileg umsvif í rekstri.

Mánaðarlaun 250.000 kr.

Árslaun 3.000.000 kr.

C(2) Stjórnendur og aðrir starfsmenn einkafyrirtækja og félaga sem greiðir laun sem samsvara minna en árslaunum 2 starfsmanna.

Mánaðarlaun 200.000 kr.

Árslaun 2.400.000 kr.

Flokkur D. Iðnaðarmenn.

Iðnaðarmenn í iöggiltum iðngreinum, sem vinna við iðn sína og eftir atvikum stjórna mönnum í slíkri vinnu eða

starfa hjá sambærilegu félagi sem þeir hafa verulega eignar- eða stjórnaraðild að. Ef stjórnun er aðalþáttur í starfinu skal miða reiknað endurgjald við flokka B(1), B(2) eða C(1) hér að framan.

D(1) Iðnaðarmenn, sem hafa iðnlærða menn eða tvo eða fleiri ófaglærða aðstoðarmenn í þjónustu sinni.

Mánaðarlaun 200.000 kr.
Árslaun 2.400.000 kr.

D(2 og 3) Iðnaðarmenn, sem starfa einir eða með einum ófaglærðum aðstoðarmanni í iðngrein.

Mánaðarlaun 175.000 kr.
Árslaun 2.100.000 kr.

Flokkur E. Ýmis starfsemi, einyrkja.

Menn sem vinna einir við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða hjá félagi sem þeir hafa verulega eignar- eða stjórnaraðild að og sem ekki fellur undir flokka A til D.
Bifreiðastjórar, hreingerningamenn, stjórnendur vinnuvéla o.fl.

Mánaðarlaun 140.000 kr.
Árslaun 1.680.000 kr.

Flokkur F. Sjómenn.

Sjómenn, sem starfa sem skipverjar við eigin útgerð, eða starfa hjá útgerðarfélagi sem þeir hafa verulega eignar- eða stjórnaraðild að.

F(1) Skipstjórar, 1. stýrimaður og 1. vélstjóri.

Mánaðarlaun 250.000 kr.
Árslaun 3.000.000 kr.

F(2) 2. og 3. vélstjóri, matsveinn og bátsmaður.

Mánaðarlaun 225.000 kr.
Árslaun 2.700.000 kr.

F(3) Hásetar og sjómenn á bátum undir 12 tonnum.

Mánaðarlaun 175.000 kr.
Árslaun 2.100.000 kr.

Flokkur G. Bændur og makar þeirra.

Bóndi sem stendur fyrir búrekstri með eða án aðkeypts vinnuafls eða starfar að búrekstri hjá félagi sem hann hefur verulega eignar- eða stjórnaraðild að. Náí bústofn á býll ekki 420 ærgildum má lækka reiknað endurgjald í hlutfalli við bústærðina. Sé starfið einungis að hluta til við búrekstur skal ákveða viðmiðunarlaunin hlutfallslega.

G(1) Bóndi með sauðfjarrækt sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni.

G(2) Maki bónda sbr. G(1), sem stendur fyrir búrekstri með honum.

Mánaðarlaun 70.000 kr.
Árslaun 840.000 kr.

G(3) Bóndi með annað en sauðfjarrækt að aðalbúgrein

G(4) Maki bónda sbr. G(3), sem stendur fyrir búrekstri með honum.

Mánaðarlaun 90.000 kr.
Árslaun 1.080.000 kr.

Flokkur H. Makar.

Maki manns með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sem starfar með honum að atvinnurekstrinum eða starfar hjá félagi sem makinn hefur verulega eignar- eða stjórnunaraðild að.

H(1) Sérfræðingar, sbr. flokk A, sem vinna í sérgrein sinni.

Mánaðarlaun 275.000 kr.

Árslaun 3.300.000 kr.

H(2) Iðnaðarmenn, sbr. flokk D, sem vinna í iðngrein sinni.

Mánaðarlaun 145.000 kr.

Árslaun 1.800.000 kr.

H(3) Ófaglærðir starfsmenn.


Mánaðarlaun 90.000 kr.

Árslaun 1.080.000 kr.

Útgefið af ríkisskattstjóra í janúar 2001

Efst á síðu

Síðast breytt 07. mars 2001



Áslaug Björgvinsdóttir

FÉLAGARÉTTUR



BÓKAÚTGÁFA ORATORS
REYKJAVÍK 1999

hluti í félaginu veitir mönnum möguleika á umfangsmikilli fjársöfnun til áhættusams atvinnurekstrar. Þar sem ábyrgðin er takmörkuð og félagsmönnum er yfirleitt ekki skylt að inna af hendi persónulegt vinnuframlag þá þurfa þeir ekki að búa yfir sérstakri þekkingu á starfsemi félagsins. Vegna möguleikans á að eiga viðskipti með hlutabréf kunna menn að hafa áhuga á að kaupa hlut í félagi, ekki endilega í von um hagnað heldur sökum þess að menn telja sig sjá fyrir gengishækkun hlutanna á verðbréfamarkaði.¹⁰⁰

3.1.2.2 Einkahlutafélög

Með lögum nr. 138/1994 var kveðið á um nýtt féлагаform hér á landi, nánar tiltekið einkahlutafélög (ehf.).¹⁰¹ Þau má skilgreina á sama veg og hlutafélög nema þar þarf ekki að skipta hlutafé niður heldur er unnt að stofna einkahlutafélag eins hluthafa sem nýtur þar með þeirra forréttinda að takmarka ábyrgð sína á þeirri starfsemi sem rekin er í nafni félagsins. Ólíkt hlutafélögum getur stjórnkerfi einkahlutafélags því verið mjög einfalt ef um félag eins manns er að ræða. Stofnfé einkahlutafélaga er lögbundið og skal það að lágmarki nema fimm hundruð þúsund krónum, sbr. 2. mgr. 1. gr. ehfl.¹⁰² Eins og hlutafélög verða einkahlutafélög lögaðilar við skráningu í hlutafélagaskrá, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 138/1994, en þau eru einnig skráningarskyld samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laganna.

Einkahlutafélög eru mun einfaldari í sniðum en hlutafélög og segja má að þau henti minni atvinnustarfsemi eða samstarfi fárra aðila. Ekki er nauðsynlegt að útbúa sérstök skjöl fyrir eignarhlutum í einkahlutafélögum en heimilt er að gefa út svokölluð hlutaskírteini. Þau eru ekki verðbréf, heldur einungis skriflegt sönnunargagn eða kvittun fyrir kaupum á hlut.

¹⁰⁰ Klunzinger, 1996, bls. 149.

¹⁰¹ D. anpartsselskab, e. private limited company, f. société à responsabilité limitée (SARL), s. privata aktiebolag, þ. Gesellschaft mit beschränkter Haftung (GmbH).

¹⁰² Þessari fjárhæð getur viðskiptaráðherra breytt í samræmi við breytingar á gengi evrópskra mynteininga (ECU) eins og nánar greinir í 2. mgr. 1. gr. ehfl.

Eins og hlutafélög verða einkahlutafélög stofnuð um hvers konar starfsemi en oftast er það gert í því skyni að reka atvinnustarfsemi í hagnaðarskyni.

3.1.2.3 Samlagshlutafélög

Samlagshlutafélag¹⁰³ er skipulagsbundið samlagsfélag með ákveðnu stofnfé (hlutafé) sem samlagsmennirnir inna af hendi og skipt er í hluti en að minnsta kosti einn félagsmaður ber beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, eins og gildir um samlagsfélög. Lög nr. 138/1994 um einkahlutafélög taka til samlagshlutafélaga eftir því sem við á samkvæmt 134. gr. sömu laga. Lágmarksfjárhæð stofnfjár samlagshlutafélaga er því fimmhundrað þúsund krónur eins og í einkahlutafélögum samkvæmt 2. mgr. 1. gr., sbr. 134. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Að sama skapi öðlast samlagshlutafélög rétt hæfi við skráningu í hlutafélagaskrá samkvæmt 1. mgr. 10. gr., sbr. 134. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og eru því lögaðilar.

Þetta félagform er í raun blanda af einkahlutafélagi og samlagsfélagi og nær því að vera ein tegund hlutafélaga og flokkast þar með til fjármagnsfélaga en ekki persónulegra félaga eins og samlagsfélög.

Þetta félagform er nánast óþekkt hér á landi en slíkt félag er ekki á skrá núna. Það verður stofnað um hvers konar starfsemi en að jafnaði yrði það þó einkum valið fyrir atvinnustarfsemi í hagnaðarskyni.

3.1.3 Gagnkvæm félög

Gagnkvæm félög¹⁰⁴ eða gagnkvæm ábyrgðar- og tryggingafélög er ein tegund fjárhagslegra félaga. Einkaréttarlegir ábyrgðar- og tryggingasamningar geta verið tvenns konar. Annars vegar þannig að tryggingartaki gerir tryggingarsamning við tryggingasala. Í slíkum samningi felst að tryggingasalinn tekur á sig áhættu gegn gjaldi sem tryggingartakinn greiðir. Hér er um að ræða gagnkvæman samning sem heyrir undir

¹⁰³ D. kommanditaktieselskab, f. société en commandite par actions, þ. Kommanditgesellschaft auf Aktien (KGaA)

¹⁰⁴ D. gensidig forsikringselskab, f. société mutuelle d'assurances, n. gjensidig forsikringselskab, þ. Versicherungsverein auf Gegenseitigkeit.